

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 15. maí 2017

Tilvísun: 2017040614ÞS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 7. apríl 2017 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt (373. mál á 146. löggjafarþingi, þskj. 502). Það ákvæði frumvarpsins, sem einkum varðar vernd persónuupplýsinga og þar með starfssvið Persónuverndar, er að finna í a-lið 8. gr. þess þar sem lagðar eru til tvær nýjar málsgreinar á eftir 1. mgr. 15. gr. laganna. Segir meðal annars í þeirri fyrri að setja megi reglugerð sem hafi að geyma ákvæði um rannsókn á erfðaeftni og töku lífsýna úr þeim sem í hlut eiga í því skyni að staðfesta að skilyrði 1. mgr. umræddrar greinar séu uppfyllt. Nánar tiltekið segir í þeirri málsgrein að Útlendingastofnun skeri úr ágreiningi um það hvort maður hafi öðlast íslenskan ríkisborgararétt við setningu laga nr. 100/1952 eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt með því að lýsa ósk sinni þar um.

Friðhelgi einkalífs nýtur verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, en í 2. mgr. þeirrar greinar segir að ekki megi meðal annars gera líkamsrannsókn á manni nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Mikilvægt er við setningu slíkrar lagaheimildar að hún sé skýr og byggja á brýnni nauðsyn. Í því sambandi vekur Persónuvernd athygli á að röklegt samhengi skortir á milli annars vegar tillögu a-liðar 8. gr. frumvarpsins að nýrri 2. mgr. 15. gr. laga nr. 100/1952 og hins vegar 1. mgr. þeirrar greinar laganna. Nánar tiltekið er í frumvarpstillögunni fjallað um rannsókn á erfðaeftni og lífsýnatöku í þágu rannsóknar á því hvort fullnægt sé skilyrði samkvæmt umræddri 1. mgr. án þess þó að sú málsgrein hafi að geyma neitt skilyrði heldur eingöngu málsmeðferðarreglu.

Samkvæmt þessu telur Persónuvernd umrætt frumvarpsákvæði ekki fullnægja þeim skýrleikakröfum sem gera verður til lagaákvæða sem skerða einkalífsrétt manna. Þarfnast frumvarpið því endurskoðunar við, auk þess sem ljóst þarf að vera að slíkir hagsmunir séu af umræddri íhlutun í réttinn til friðhelgi einkalífs að þeir réttlæti hana.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Gunnar Ingi Agustsson